

**Ed.**

## **857. Nefndarálit**

um frv. til laga um gagnfræðanámi.

Frá menntamálanefnd.

Frunivarþetta er einn liður í skólakerfi því, sem milliþinganefndin í skólamálum lagði til, að lögfest yrði og var, eins og önnur frumvörp milliþinganefndarinnar, flutt af meiri hluta menntamálanefndar neðri deildar að beiðni menntamálaráðherra. Voru nökkrar breytingar gerðar á frumvarpinu í þeirri deild.

Sumir nefndarmenn menntamálanefndar þessarar deildar yfirfóru þetta frv. og fleiri skólafrumvörp í samvinnu við menntamálanefnd neðri deildar, og auk þess hefur nefndin athugað frunvarpið nú og átt tal um það við fræðslumálastjóra og þann af nefndarmönnum milliþinganefndarinnar, sem sérstaklega er kunnugur gagnfræðaskólumum, séra Ingimar Jónsson skólastjóra.

Nefndin getur yfirleitt fallizt á frunvarpið eins og það er komið frá neðri deild, að undanskilinni breytingu á 10. gr. e-lið, um skipun kennara og skólastjóra. Þá telur meiri hlutinn breytingarnar, sem gerðar voru á 61. og 62. gr., ekki til bóta og leggur til, að þær verði færðar í sitt fyrra horf. Loks leggur nefndin til, í sambandi við breytingartillögu sína við 10. gr., að settur verði þar inn nýr liður, er heimili skólanefndum að ráða kennara (þar með taldir skólastjórar) um stundarsakir. Getur þetta oft verið nauðsynlegt, ef snögg forföll koma til. Getur og verið hentugt að ráða kennara til bráðabirgða, t. d. 1 skólaár, áður en fullráðið er um starf hans við skólann.

Ákvæði 39. greinar um orlof kennara 10. hvert ár, ef þeir óska og uppfylla skilyrði, er að vísu æskilegt út af fyrir sig. En þó þykir sumum nefndarmönnum orka tvímælis, hvort þessi ákvæði séu heppileg hér. Þá bendir og M. J. á, að ákvæði síðasta málslíðar 1. mgr. 56. gr. sé i ósamræmi við það, sem samþykkt var í frv.

um barnafræðslu. Skrifar hann undir nál, með fyrirvara í sambandi við breytingartillögur í þessa átt.

Einn nefndarmanna (HG) hefur þegar borið fram breytingartillögu um kennslustundafjölda kennara.

Einn nefndarmanna (JJ) tók ekki þátt í endanlegri afgreiðslu málsins.  
Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM:

1. Við 10. gr.

- c-liður greinarinnar orðist svo: Að láta fræðslumálastjórni í té rökstutt álit á umsækjendum um kennara- og skólastjórastöður ásamt tillögu um, hver skuli valinn, svo og vara- og þrautavaratillögu, ef nægilega margir sækja um stöðurnar.
- Á eftir c-lið kemur nýr liður, er verður d-liður og svo hljóðar (stafliðir breytast því samkvæmt):
  - að ráða kennara um stundarsakir, ef þörf krefur.

2. Við 61. gr. Greinin orðast svo:

Skólar gagnfræðastigssins eru sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Nú leggst skóli niður samkvæmt tillögum gagnfræðaráðs og að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, og skulu þá skuldlausar eignir hans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

3. Við 62. gr. Við greinina bætist: Tekur rikið og hlutaðeigandi sveitarfélag við eignum þeirra, réttindum og kvöðum án endurgjalds. Hlutdeild ríkisins og sveitarfélaganna í eignum þessara skóla skal vera í sama hlutfalli og framlög stofnkostnaðar samkvæmt lögum þessum.

Alþingi, 15. apríl 1946.

Magnús Jónsson,  
form., frsm.

Eiríkur Einarsson.  
fundaskr.

Ásmundur Sigurðsson.

H. Guðmundsson.